

LIME PAINT - KALKMÁLNING

VÖRULÝSING

Lime Paint er náttúruleg almött kalkmálning án allra plast- og leysiefna, til notkunar á vegg og loft innanhúss. Hún er sérstaklega hentug til að ná fram mismunandi áferð og útliti á flötinn, allt eftir vinnsluaðferð. Niðurstaðan er silkimjúkt, hlýlegt útlit með náttúrulegri, lifandi áferð og mismunandi litbrigðum. Þessi umhverfisvæna steinefnamálning „andar“ (hlepypir raka í gegnum sig) og kemur í veg fyrir myglumyndun.

UNDIRLAG

Lime Paint hentar á alla stöðuga steinefnafleti sem og á eldri alkálípolin málningarlæg, við, MDF og málm. Undirlag skal vera hreint, þurr og laust við olíu, feiti og yfirborðsflögnun. Alla aðra fleti en steinefnafleti með jafna ísogseiginleika borgar sig að grunna því það tryggir jafna áferð og góða viðloðun ef málað er seinna yfir kalkflötinn með plastmálningu. Forðist notkun kittis því það getur blætt í gegnum kalkmálninguna.

Ómálað steinefnaundirlag: Ef yfirborðið hefur jafna ísogun þarf engan grunn og má kalkmála beint á flötinn.

Óreglulegt eða ójafnt gleypið undirlag: Ef undirlag er samansett úr mismunandi efnum, gifslag er af mismunandi þykkt eða viðgerðir hafa verið gerðar hér og þar, þýðir það að undirlagið mun ekki draga kalkmálninguna jafnt í sig. Þá þarf að grunna: Grunnið eina umferð af Uniwall Primer NF-21 með rúllu. Ef undirlagið er mjög gleypið skal þynna grunninn um a.m.k. 10% með vatni.

Undirlag sem ekki dregur í sig: Málað undirlag, viður og MDF. Mattið flötinn varlega með 120-150 sandpappír áður en 1 umferð af Uniwall Primer NF-21 grunnurinn er rúllaður á.

UNDIRBÚNINGUR FYRIR MÁLUN

Lime Paint fæst í 2 kg, 4 kg og 8 kg dósum og er litað með Stoopen & Meeus litarefnum (5% - 15% litadufti). Öllum litarefnum má blanda saman innbyrðis. Blandið litarefninu saman við ráðlagðan vatnsskammt og vélhrærið. Bætið síðan Lime Paint duftinu smám saman út í vökvann og vélhrærið í 3-5 mínútur þar til blandan verður mjúk og einsleit. Á undirlag sem dregur vökvann ójafnt í sig er gott að nota aðeins minna vatn til að byrja með. Blandið ávallt nægt magn til að mála allan flötinn. Ef þörf krefur skal hræra annað slagið eða bæta smá vatni út í blönduna og hræra. Athugið að þegar vatni er bætt í blönduna getur liturinn orðið örlítið ljósari. Sjá myndband <https://www.youtube.com/watch?v=rjrHhKWoolg>

AÐFERÐ

Til að fá fram dæmigert kalkmálningarútlit þarf að bera sig svolítið öðruvísi að en við plastmálningu. Málið er að leika sér svolítið og láta listrænt auga og hjarta ráða för. Svo er alltaf hægt að laga og breyta eftir á því kalkmálning er ekki endilega tveggja umferða fullkomnum – fallegur kalkveggur felst í að fá fram náttúrulega ófullkomnum sem er í notalegu jafnvægi. Það er því engin rétt eða röng áferð á kalkvegg. Útkoman getur orðið mismunandi eftir litum þegar unnið er með náttúruæfni, t.d. sjást pensilförin meira í dýpri litum. Málun þarf síðan ekkert endilega að vera lokið að fullu eftir tvær umferðir. Algengt er að menn taki stökur hér og þar til að ná fram rétta útlitinu, jafnvel nokkrum sinnum á mismunandi tímum. Málið er bara að vera afslappaður og skapandi þar til maður er ánægður. Svona er skynsamlegt að bera sig að:

- Breiðið vel undir flötinn því hætt er við að efni slettist við kalkmálun
- Forðist að skera sérstaklega að ómáluðum fleti því það gefur ólíka áferð en á aðalfletinum. Notið málningarlímband og vinnið kalkið beint út frá því
- Kalkmálningin er borin á með stórum pensli eða þar til gerðum kalkpensli. Málið upp og niður eða takið flötinn langsum í stuttum eða löngum stökum (t.d. 60-100 cm). Einnig má krossa flötinn á handahófskenndan hátt; allt eftir því hvaða áferð verið er að sækjast eftir. Þrýstingur á pensilinn skiptir máli því ólík áferð fæst með léttum stökum og þéttum. Þynna má kalkmálningu með vatni til að léttara sé að bera hana á eða ef sóst er eftir útliti sem er meira gegnsætt/veðrað. Mikilvægt er að mála allan flötinn í einu; ekki stoppa fyrr en hann hefur allur verið málaður.

- Hægt er að finna fullt af myndum og myndböndum sem sýna verklagið með því að slá inn leitarorðin „How to apply lime paint“ eða „How to decorate with lime paint“. Hér er t.d. góð lýsing: <https://www.youtube.com/watch?v=V69j82Xv4qQ>

VÖRN YFIR KALKMÁLNINGU

Til að viðhalda öndunareiginleikum kalkmálningarinnar eins vel og hægt er skal ekki verja það með yfirlakki. Hins vegar er kalkmálning viðkvæm fyrir óhreindum vegna snertingar og ekki alltaf hægt að bletta án þess að það sjáist.

Verja má Lime Paint kalkmálninguna gegn blettum með almatta lakkinu Uniwall 1KPU Matt. Athugið að öll verndarlög skal bera á með filtrúllu í jöfnu og mjög þunnu lagi. Tvær umferðir skal einungis nota á yfirborð undir miklu álagi. Lökk hafa áhrif á vistfræðilega/umhverfissvæna eiginleika og endanlegan lit í mismunandi mæli. Uniwall 1KPU Matt hefur lítill áhrif á útlitið. Best er að bíða með lökkun þar til kalkmálningin er alveg orðin þurr. Lakkið er minnst 4 klst að þorna, það fer eftir undirlagi, raka- og hitastigi. Fullþurrt eftir 7 daga. Prófið lakkið fyrst á kalkprufu áður en lagt er í allan flötinn.

TÆKNIUPPLÝSINGAR			
Eðlisástand	Hvítt duft	Þurrktími	1-5 klst, fer eftir þykkt, raka, hitastigi. Má mála yfir um leið og hún er þornuð
pH	11-12	Endanleg hörðun	Fullhörðnuð etir 2-3 mánuði
Vatnsnotkun	+/- 1-1,2 l/kg, fer eftir undirlagi, vinnuaðferð og lit	Áhöld	Kalkpensill
Viðloðun	Afar góð á ólík yfirborð. Til að koma í veg fyrir litamun vegna mismunandi frásogs skal fyrst nota grunninn Uniwall NF21	Vinnuhitastig	Yfirborðs- og umhverfishiti sé á bilinu 8-25°C
Umferðafjöldi	1-2, fer eftir undirlagi og óskaðri áferð	Geymslupól	1 ár að lágmarki; geymið í þurrum lokuðum umbúðum.
Efnisnotkun	0,1-0,2 kg/m ² (1-2 kg/10m ²) af þurrdufti, fer eftir undirlagi og þykkt umferðar	Hreinsun áhalda	Vatn
Vinnslutími	Þegar efnunum hefur verið hrært saman getur blandan þyknað örlítið. Hægt er að hræra upp í henni og nota í nokkrar vikur		

REIKNITAFLA

Litarefni	1 kg	2 kg	4 kg	6 kg	8 kg	16 kg
5%	50 g	100 g	200 g	300 g	400 g	800 g
10%	100 g	200 g	400 g	600 g	800 g	1600 g
15%	150 g	300 g	600 g	900 g	1200 g	2400 g

Vatn

1 kg	2 kg	4 kg	6 kg	8 kg	16 kg
1-1,2 L	2-2,4 L	4-4,8 L	6-7,2 L	8-9,6 L	16-19,2 L

ATHUGIÐ

Blandið Lime Paint utandyrna eða tryggið góða loftræstingu við blöndunina. Lime Paint er mjög basískt og notið því hanska/hlífðarfatnað/ augnhlífir/andlitshlífir.

Stoopen & Meeus ábyrgist gæði framleiðsluvara sinna, en tekur ekki ábyrgð sem er tengd vinnu og árangri við notkun þeirra. Kynnið ykkur ávallt viðeigandi tækniupplýsingar á vefsíðu okkar, www.serefni.is.